



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2016

DANS2DK05

Lestur og menning

Kennari:	Ida Løn idaloen@gmail.com	Sk.st.	IL
-----------------	--	---------------	-----------

Undanfari: DANS2LM05

Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á að efla hjá nemandanum alla þætti tungumálsins á meðan unnið er með danskar kvikmyndir. Nemendur eflast í tjáningu á eigin skoðunum og hugsunum. Sjálfstæð vinnubrögð nemenda er mikilvægur þáttur áfangans.

Í áfanganum er horft á 7-8 danskar kvikmyndir í fullri lengd og nokkrar stuttmyndir. Áhersla er lögð á að vinna einnig verkefni utan veggja skólans. Farið verður a.m.k. einu sinni í kvikmyndahús.

Samskipti fara mest megnis fram á dönsku.

Tal: Áhersla er lögð á að nemendur þjálfist í að tala saman um kvikmyndir á dönsku þ.e.a.s. að svara fyrirspurnum, flytja stuttar kynningar, færa rök fyrir máli sínu og gagnrýna munnlega þær myndir sem horft er á.

Hlustun: Nemendur vinna með hlustunarverkefni tengd kvikmyndum. Hér má t.d. nefna tal í dönskum bíómyndum og umfjöllun um kvikmyndagerð í dönskum sjónvarps- og útvarpsþáttum.

Ritun: Nemendur vinna með ýmsar textagerðir eins og t.d. dagbókarfærslur, kvikmynda-gagnrýni ásamt kvikmyndalýsingum og -greiningum.

Orðaforði: Nemendur vinna með orðaforða í tengslum við danskar kvikmyndir og almenna kvikmyndagreiningu eins og t.d. túlkun á táknum og táknræna notkun á litum.

Lestur: Nemendur lesa texta af neti og úr tímaritum sem tengjast kvikmyndum og danskri kvikmyndagerð.

Þekkingarmarkmið við lok áfangans eru að nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- málvenjum varðandi kvikmyndagagnrýni í töluðu og rituðu máli
- dönskum leikurum, handritshöfundum og leikstjórum
- ritun texta um kvikmyndir eins og t.d. kvikmyndagagnrýni
- orðaforða sem gerir honum kleift að fjalla um og vinna með kvikmyndir
- greiningu á þemum og táknum í dönskum kvikmyndum
- tæknilegum grunnatriðum í gerð kvikmynda, greiningum og lýsingum á stílbrögðum og stemningu í kvikmyndum

Leiknimarkmið við lok áfangans eru að nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- rökræða, beita gagnrýninni hugsun og setja skoðanir fram á skýran hátt þegar fjallað er um kvikmyndir og kvikmyndagerð í ræðu og riti
- skilja mál sem talað er með mismunandi hreim og skilja algengustu orðasambönd
- nýta málfræðilegar upplýsingar til að efla eigin málfærni og beita málfari við hæfi
- beita mismunandi lestrar- og hlustunaraðferðum eftir því hvert markmiðið er
- tjá sig skýrt um viðfangsefni sem hann hefur kynnt sér og undirbúið
- skrifa formlega og óformlega texta á sjálfstæðan hátt

Hæfnimarkmið við lok áfangans eru að nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna að skapandi verkefnum í tengslum við kvikmyndir
- skilja flókið les- og hlustunarefni um kvikmyndir ef hann þekkir vel til þess
- styrkja eigin málfærni, t.d. með því að nýta málfræðiupplýsingar
- taka þátt í umræðum, færa rök fyrir máli sínu, tjá afstöðu og efasemdir um efnið og komast að niðurstöðu
- lesa á milli línanna, átta sig á dýpri merkingu, túlka tákni og myndmál leysa ýmis mál sem upp koma í samskiptum t.d. að taka þátt í skoðanaskiptum, færa rök fyrir máli sínu og svara mótbárum/gagnrýni munnlega og skriflega

Námsefni:

- **Danske film**, ljósrit í bóksölu
- **Heyrnartól**
- **Mappa / stílabók**

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni - viðfangsefni	Próf og verkefni
2 - 6	6. jan. – 14. feb.	Kvikmynd 1 og 2 Þema 1 Fræði, bakgrunnur Sjálfstæð glósuvinna Hlustunarverkefni 1 Talverkefni 1 og 2	Áhorf og umræður Frjáls aðferð Hefti: Lestur + ritun Skil á Moodle Skil á Moodle Samtal, upptaka
7 - 10	15. feb. – 13. mar.	Kvikmyndir 3 og 4 Þema 2 Fræði, bakgrunnur Sjálfstæð glósuvinna Hlustunarverkefni 2 Talverkefni 3 og 4	Áhorf og umræður Frjáls aðferð, kynning Hefti: Lestur + ritun Skil á Moodle Skil á Moodle Upptaka, kynning
11 - 14	14. mar. – 10. apr.	Kvikmyndir 5 og 6 Þema 3 Fræði, bakgrunnur Sjálfstæð glósuvinna Hlustunarverkefni 3 Talverkefni 5	Áhorf og umræður Frjáls aðferð, kynning Hefti: Lestur + ritun Skil á Moodle Skil á Moodle Upptaka
15 - 19	11. apr. – 8. maí	Kvikmyndir 7 og 8 Þema 4 Fræði, bakgrunnur Sjálfstæð glósuvinna Hlustunarverkefni 4 Talverkefni 6	Áhorf og umræður Frjáls aðferð Hefti: Lestur + ritun Skil á Moodle Skil á Moodle Munnlegt lokapróf

Sérreglur áfangans:

Áfanginn er án lokaprófs, þess vegna skiptir dagleg þátttaka í tímum og verkefnaskil **öllu máli**. Unnið verður með texta af ýmsum toga úr heftinu **Danske film** og af neti. Í lok annar skila nemendur vinnuheftum, sem verða metin til lokaekunnar.

Nemendur verða að kíkja **REGLULEGA**, jafnvel daglega, í moodle til að fylgjast með hinum ýmsu tímasetningum. Í Moodle er einnig hægt að fylgjast með yfirferð námsefnis í tímum.

Fyrirkomulag námsmats:

Símat/leiðsagnarmat ásamt jafningjamati sem byggir á verkefnavinnu, þemavinnu, smærri prófum og könnunum. Námsmatið tekur til allra færniþáttanna þ.e.a.s. hlustunar, tals, ritunar og lesturs.

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Áhugi	Innlifun og þátttaka í umræðum	10%
Þemaverkefni	Munnleg, skrifleg, frjáls aðferð, sköpun (3-4 verkefni)	25%
Tal	Samtal, upptökur, verkefni/próf (u.þ.b. 6 verkefni og próf)	15%
Ritun	Kvikmyndagagnrýni, skoðanir, dagbókarfærslur (4 verkefni)	15%
Hlustun	Sjónvarpsefni og efni úr útvarpi (4-5 verkefni)	10%
Glósur	Sjálfstæð vinna (u.þ.b. 10 verkefni)	15%
Ástundun	Vinnubrögð og verkefnaskil	10%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Kærlig hilsen,

Ida Løn